



**Byggðastofnun**  
Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1920  
komudagur 15.4.2002

Dagsetning 12.4.2002

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur æskilegt að vinna með skipulegum hætti að uppbyggingu ferðaþjónustu á norðausturhorni landsins. Byggð á þessu svæði hefur átt í vök að verjast að undanfögnu, en Norðausturland hefur upp á marga góða kosti að bjóða eins og bent er á í greinargerð. Bættar samgöngur myndu án efa gera þetta svæði fýsilegra til ferðalaga. Stofnunin hefur ekki lagt mat á þá hugmynd að gera hluta þessa svæðis að þjóðgarði, en telur æskilegt að ákvarðanir um þjóðgarða séu teknar með samræmdum hætti t.d. hliðstætt og unnið er varðandi rammaáætlun um virkjanir.

Virðingarfyllt

---

Dr. Bjarki Jóhannesson  
forstöðumaður Próunarsviðs  
Byggðastofnunar

---

Guðmundur Guðmundsson  
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1977  
komudagur 16.4.2002

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2002  
SP/hó


**Efni: Þingsályktunartillaga um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands**  
Tilv:02040001

Vísað er í bréf samgöngunefndar Alþingis frá 22. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Norðausturhorn landsins á í vök að verjast í atvinnulegu tilliti og því mikilvægt að huga að öllum möguleikum til aukinnar atvinnusköpunar. Enginn vafi er á, að þar getur ferðaþjónusta átt drjúgan þátt, ef vel verður að staðið.

Án þess að taka afstöðu til einstakra þátta í greinargerðinni, s.s. þjóðgarðs á Langanesi, er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgæir Þorgeirsson

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1978  
komudagur 16.4.2002

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 16. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv. stjóri

Ferðamálaráð Íslands



Icelandic Tourist Board

Alþingi

Erindi nr. P 127/1782

komudagur 10.4.2002

Reykjavík 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Þegar litið er til eflingar ferðaþjónustu í atvinnulífinu þá er það skoðun ráðsins að raunhæfasta aðgerðin um þessar mundir til eflingar hennar á landbyggðinni sé stóraukið almennt átak í kynningarmálum bæði á erlendum mörkuðum og innanlands. Stærsta vandamál ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni er ónógur fjöldi ferðamanna til að hægt sé að reka fyrirtækin allt árið með ásættanlegri arðsemi.


Ferðamálaráð telur að aukið almennt átak til eflingar ferðaþjónustu komi öllum landsvæðum betur en átak til eflingar einum landshluta eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Sé það vilji Alþingis að ráðist verði í gerð áætlunar um eflingu ferðaþjónustu í einum landshluta er það skoðun Ferðamálaráðs að vinna skuli slíkar áætlanir fyrir fleiri landshluta samhliða.


Sú stefnumótun sem unnið er nú eftir í ferðaþjónustu hefur það að markmiði að vinna að auknum umsvifum atvinnugreinarinnar um allt land allt árið.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands,

  
Magnús Oddsson  
ferðamálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 125, 1999  
komudagur 18.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15. apríl 2002.

Nefndarsvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. apríl s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 22. mars 2002 þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

*Alþingi  
Erindi nr. P 127/1688  
komudagur 8.4.2002*

Samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 5. apríl 2002

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu ferðþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.**

Ferðþjónusta og uppbygging hennar er mikilvægur þáttur í að efla og auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs.

Samtök iðnaðarins telja sig þess tæplega umkomin að fjalla um fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að öðru leyti en því að það hlýtur að vera frumkvæði heimamanna sjálfra sem á að ráða för og eðlilegur stuðningur og aðstoð við þá. Opinber áætlanagerð í þessu samhengi kann varla góðri lukku að stýra.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1551*  
*komudagur 2.4.2002*

Til: Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 2. apríl 2002

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur lesið hjálagða tillögu til þingsályktunar um ferðapjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál. Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir engar athugasemdir við málið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Ragnar Magnússon  
Slysavarnafélagið Landsbjörg  
tel. 570-5900 / 862-7007